Stjörnurnar fæðast í Eyjum

Margar af þeim sem hafa slegið í gegn og unnið til verðlauna á TM Mótinu í Eyjum verða atvinnumenn í knattspyrnu ■ Tíu af sextán fóru til útlanda að spila

Ásthildur Helgadóttir, Breiðabliki:

„Vantar fleiri mót fyrir stelpur“

Ásthildur Helgadóttir, 14 ára og besti leikmaður 3. flokks a-liða, var hin ánægðasta með lífið: „Það var mjög vel að öllu staðið á Pæjumótinu og skipulagning sérstaklega góð og aðstaða öll. Það vantar fleiri svona mót fyrir stelpur og er ég harðákveðin í að koma til Vestmannaeyja á næsta ári, því þetta er búið að vera ævintýri líkast.“

Ásthildur Helgadóttir, 3. flokki Breiðabliks.

1990

Ásthildur Helgadóttir

Lið: BREIÐABLIK

■ Ásthildur var valin besti leikmaðurinn í 3. flokk A-liða en Breiðablik sigraði mótið með markatöluna 28-0. Hún spilaði með Breiðablik, KR og ÍBV hérna heima ásamt því að spila með Malmö í Svíþjóð. Hún á 69 A-landsleiki að baki en í þeim skoraði hún 23 mörk. Í minningunni þá var algjört ævintýri að spila fótbolta og gista í skóla með bestu vinunum ásamt því að vinna mótið og vera valin besti leikmaðurinn.



1991

Þóra Björg Helgadóttir

Lið: BREIÐABLIK

■ Þóra Björg var valin besti leikmaðurinn í 5. flokk A-liða en Breiðablik sigraði mótið með tveggja stiga forskoti á ÍA. Þóra Björg hefur leikið með Breiðablik, KR og Fylki hérna heima en einnig hefur hún leikið með Duke University í Bandaríkjunum, UHL Leuven og Anderlecht í Belgíu, Kolbotn í Noregi og Rosengard í Svíþjóð. Hún á 108 A-landsleiki að baki og skoraði 1 mark í sínum síðasta landsleik. "Pæjumótið var alltaf hápunktur sumarsins, einna helst vegna þess að maður fékk að spila stanslausan fótbolta og svo allur samverutíminn bæði með liðsfélögunum og öðrum keppendum á mótinu."

KR-dömurnar sigruðu í 3. flokki A-liða á pæjumótinu.

1992

Edda Garðarsdóttir

Lið: KR

■ Edda Garðarsdóttir var valin besti leikmaðurinn í 3. flokk A-liða en liðið hennar sigraði mótið. Hún átti glæstan feril með KR, Breiðablik og Val Reyðarfirði hérna heima ásamt því að spila með Fredriksberg, KIF Örebro og Chelsea erlendis. Hún spilaði 103 A-landsleiki og skoraði í þeim 4 mörk ásamt tæplega 30 landsleikjum með yngri landsliðum. "Ævintýrastemning í Eyjum, vinátta og auðvitað sigurvíman" var það sem stóðu uppúr eftir mótið hjá Eddu. En þess má geta að hún kom einnig á Tommamótið 1987 og 1988.

1995

Elfa B. Erlingsdóttir

Lið: STJARNAN

■ Elfa B. Erlingsdóttir var valin besti leikmaðurinn í 4. flokk A-liða ásamt því að vera markahæst með 16 mörk en Stjarnan sigraði Hauka í úrslitaleik mótsins 3-1. Elfa spilaði lengst af með Stjörnunni og síðan 2 tímabil með KR ásamt því að fara til Bandaríkjanna í háskólaboltann. Hún lék samtals 50 landsleiki með öllum landsliðunum og skoraði 6 mörk. Eftirminnilegast frá mótinu er þegar helmingurinn af liðinu fór í fjallgöngu rétt fyrir úrslitaleikinn og mætti of seint, en það kom ekki að sök þar sem þær unnu með stæl.

2. flokkur UBK sigraði á pæjumótinu.

1994

Katrín Jónsdóttir

Lið: BREIÐABLIK

■ Katrín Jónsdóttir var valin besti leikmaðurinn í 2. flokk en liðið hennar, Breiðablik sigraði Aftureldingu í úrslitaleik 3-1. Katrín hefur leikið með Breiðablik, Stjörnunni og Val hérna heima ásamt því að spila með Kolbotn í Noregi samhliða læknanámi. Hún var lengi fyrirliði íslenska landsliðsins en lék 133 A-landsleiki og skoraði í þeim 21 mark.

→ Þess má til gamans geta að markadrottningin Erla Hendriksdóttir Breiðablik var markahæst á mótinu í 2. flokk með 9 mörk.

UBK sigurvegari í 2. flokki. Aftari röð f.v.: Díana Kristjánsdóttir, Sara Dög[...] [...]lafsdóttir, Hjördís Símonardóttir, Helga Ósk Hannesdóttir, Birna Albertsdót[tir] [...], Katrín Jónsdóttir, Hildur Ólafsdóttir, Fanney Kristmannsdóttir, Agnes Þo[r]aldsdóttir og Jón Óttarr Karlsson, þjálfari. Fremri röð f.v.: Helena Magnúsdót[tir], Margrét Ólafsdóttir, Ragnhildur Sveinsdóttir, Erla Hendriksdóttir, Sunn[a] [G]uðmundsdóttir og Kristborg Þórsdóttir.

1993

Margrét R. Ólafsdóttir

Lið: BREIÐABLIK

■ Margrét Ólafsdóttir var valin besti leikmaðurinn í 2. flokk en Breiðablik sigraði ÍBV í úrslitaleiknum 6-1. Margrét lék lengi vel með Breiðablik hérna heima en hún spilaði einnig fyrir Philadelphia Charge í Bandaríkjunum. Hún á að baki 51 A-landsleik en í þeim skoraði hún 8 mörk. Henni fannst eftirminnilegast hversu frábær stemning var á mótinu og að sofa á vindsæng í íþróttasal þótti mjög spennandi.

Stjarnan úr Garðabæ varð pæjumeistari í keppni A-liða í 4. flokki. Gott lið.

1996

Laufey Ólafsdóttir

Lið: VALUR

■ Laufey Ólafsdóttir var valin besti leikmaðurinn í 3. flokk A-liða, var markahæst með 10 mörk ásamt því að fá Lárusarbikarinn sem efnilegasti leikmaður mótsins. Laufey og liðsfélagar hennar úr Val sigruðu Grindavík í úrslitaleiknum 1-0. Hún spilaði með Val, Breiðablik og ÍBV á sínum ferli, á 26 A-landsleiki en í þeim skoraði hún 1 mark. Það sem henni fannst eftirminnilegast frá mótinu var að spranga í klettunum.

→ Þess má til gamans geta að Anna Úrsula Guðmundsdóttir var valin best í 4. flokk B-liða en hún er betur þekkt í dag fyrir að vera frábær handknattleikskona.

Góðar minningar frá Pæjumóti

LAUFEY Ólafsdóttir leikur með A-liði Vals í þriðja flokki. Hún sópaði að sér verðlaunum og viðurkenningum á Pæjumótinu í Eyjum. Hún varð markahæst í 3. flokki A og var valin best. Einnig hlaut hún nýjan titil sem nú var veittur í fyrsta sinn - efnilegasta stúlka mótsins. Lið hennar, Valur, sigraði einnig á mótinu. „Það má segja að allt hafi gengið upp. Ég átti ekki von á að verða valin. Það var ein í KR sem var líkleg og svo nokkrar í Valsliðinu okkar sem komu til greina. Ég varð einnig markahæst og valin best í fyrra en er samt ekki áskrifandi að þessum titlum. Það þarf að hafa fyrir þessu, aðallega með því að æfa vel og leggja sig vel fram,“ sagði

LAUFEY Ólafsdóttir

Laufey sem bætti við að þetta væri hennar síðasta mót, en hún færi með góðar minningar frá Vestmannaeyjum.

1997

Margrét Lára Viðarsdóttir

Lið: ÍBV

■ Margrét Lára var valin besti leikmaðurinn í 5. flokk A-liða ásamt því að vera markahæst en ÍBV sigraði Breiðablik í úrslitaleiknum 1-0. Margrét Lára spilaði með Linköping og Kristianstad í Svíþjóð, Tubine Potsdam og Duisburg í Þýskalandi ásamt því að spila með ÍBV og Val hérna heima. Hún á 124 A-landsleiki en í þeim skoraði hún 79 mörk. Margréti fannst eftirminnilegast hvað það var alltaf skemmtilegt að spila leikina og ekki skemmdi fyrir að vinna þá alla

→ Þess má til gamans geta að handknattleikskonan Ester Óskarsdóttir varð markahæst í 6. flokk



1999

Dóra María Lárusdóttir

Lið: VALUR

■ Dóra María var valin besti leikmaðurinn í 3. flokk en Valsstúlkur töpuðu úrslitaleiknum á móti KR 3-1. Hún hefur leikið allan sinn feril með Val en auk þess á hún 114 A-landsleiki og 18 mörk. Dóra María gleymir seint úrslitaleiknum sem þær töpuðu á mótinu en það toppar þó ekki allar þær frábæru minningar að spila fótbolta með sínum bestu vinkonum í stórbrotnu umhverfi.

Kristín Sigurðardóttir var valin efnilegasti leikmaður Pepsí-mótsins. Hún leikur með 3. flokki Vals og spilaði mjög vel allt mótið. Hún hlaut að launum Lárusarbikarinn.

1998

Kristín Sigurðardóttir

Lið: VALUR

■ Kristín Sigurðardóttir var í 3. flokk þegar hún fékk Lárusarbikarinn sem efnilegasti leikmaður mótsins. En Valsstúlkur sigruðu ÍBV í úrslitaleiknum 1-0 og enduðu mótið með markatöluna 40-1. Á sínum ferli spilaði hún með Val, ÍBV og FH ásamt því að spila með yngri landsliðum Íslands. Eftirminnilegast var að fá að koma viku fyrr og gista hjá Dísu frænku og Baua, bátsferðin og rútuferð uppá hraun, spranga, gista í skólanum með öllum vinkonunum, kvöldvökurnar þar sem þjálfarar voru með skemmtiatriði, verða Pæjumótsmeistari og vinna Lárusarbikarinn ásamt því að spila fótbolta við öll hin liðin. Í einu orði sagt GEGGJAÐ mót!

→ Þess má til gamans geta að Salka Sól Eyfeld var valin prúðasti leikmaðurinn í 5. flokk B-liða en hún er nú betur þekkt fyrir sönghæfileika sína í dag.

Pæjumótið er alveg frábært

– sögðu Margrét Lára og Karítas í 5. flokki ÍBV

DV, Vestmannaeyjum:

„Þetta pæjumót er búið að vera alveg frábært,“ sögðu þær stöllur úr A-liði 5. flokks ÍBV, Margrét Lára Viðarsdóttir og Karítas Þórarinsdóttir.

Þannig er að 5. flokkur ÍBV (A) hefur unnið Pepsímótið fimm ár í röð, hvorki meira né minna. Reyndar vann Týr það fyrstu fjögur árin en eftir sameiningu Týs og Þórs var það undir merki ÍBV. Margrét Lára

Umsjón

Halldór Halldórsson

Viðarsdóttir hefur spilað með liðinu öll þessi fimm ár og var því einnig að vinna í fimmta sinn.

Þrjár góðar saman, tengdar A-liði 5. flokki ÍBV. Frá vinstri, Karítas Þórarinsdóttir leikmaður, Erna Þorleifsdóttir, þjálfari 5. flokks ÍBV og Margrét Lára Viðarsdóttir.

Sara Björg valin best

SARA Björg Gunnarsdóttir Haukum var valin besti leikmaður 6. flokks á mótinu: „Það er búið að vera mjög skemmtilegt á pæjumótinu. Þessi viðurkenning kom mér ekkert mjög á óvart. Ég er duglegur að æfa og fer vel eftir því sem þjálfari minn segir. Ég vonaðist eftir að fá þessa viðurkenningu og er í sjöunda himni,“ sagði Sara Björg, sem var einnig ánægð með árangur liðs Hauka, sem hafnaði í þriðja sæti.

Smásárabót

Dóra María Lárusdóttir, Val, var valin besti leikmaðurinn í 3. flokki. „Þetta kom mér mjög á óvart en er ánægjulegt, okkur gekk ágætlega nema hvað við töpuðum úrslitaleiknum í mótinu gegn KR. Það var frekar sárt, en þetta – að vera útnefnd besti leikmaður 3. flokks – er smásárabót fyrir tapið. Ég á möguleika á að taka þátt í einu Pæjumóti til viðbótar. Það verður gaman að koma aftur til Eyja eftir þessa viðurkenningu,“ sagði Dóra María.

Valsstúlkurnar töpuðu úrslitaleiknum fyrir KR í 3. flokki A, 3:1.

SARA DÓRA

1999

Sara Björk Gunnarsdóttir

Lið: HAUKAR

■ Sara Björk var valin besti leikmaðurinn í 6. flokk en Haukastelpurnar lentu í 3. sæti. Hún spilaði með Haukum og Breiðablik hérna heima en hefur verið erlendis síðustu ár og spilað þar með FC Rosengard í Svíþjóð og Wolfsburg í Þýskalandi. Hún er fyrirliði íslenska landsliðsins og hefur leikið 131 A-landsleik og skorað í þeim 20 mörk. Það sem henni þótti eftirminnilegast við mótið fyrir utan að vera valin best var stemningin að gista allar saman stelpurnar í skólanum, foreldrar að hvetja á hliðarlínunni og að labba um eyjuna sem lið syngjandi pepp lög fyrir leiki eða eftir leiki.

ÍA og Breiðablik léku til úrslita í 5. flokki og höfðu Blikastúlkur betur, 1–0, í jöfnum leik en eftir leikinn var þó ekki að sjá hvorar voru ánægðari, Blikastelpur eða Skagastelpur.

2000

Kristbjörg Bára Rúnarsdóttir

Lið: ÍA

■ Kristbjörg Bára var valin besti leikmaðurinn í 5. flokk en Skagastúlkur sigruðu úrslitaleikinn á móti Breiðablik 1-0. Hún hefur leikið með ÍA, Val og ÍBV á sínum ferli, á 4 leiki með U-17 ára landsliðinu en í þeim skoraði hún 1 mark. Það sem Kristbjörgu Báru þykir eftirminnilegast er þegar þær unnu mótið og stóri Jarðskjálftinn sem varð á miðju móti.

2001

Berglind Björg Þorvaldsdóttir

Lið: ÍBV

■ Berglind Björg var valinn besti leikmaðurinn í 6. flokk ásamt því að vera markahæst en liðið hennar ÍBV sigraði mótið. Hún hefur spilað erlendis með Verona og AC Milan á Ítalíu og PSV í Hollandi. Hérna heima hefur hún spilað með Breiðablik, ÍBV og Fylki. Hún á 44 A-landsleiki að baki en í þeim hefur hún skorað 4 mörk. Eftirminnilegast finnst henni hvað það var gaman að spila endalaust af fótbolta með vinkonunum og einnig að kynnast leikmönnum úr öðrum liðum, en Pæjumótið hefur alltaf verið uppáhaldsmótið hennar.

2004

Elín Metta Jensen

Lið: VALUR

■ Elín Metta var valin besti leikmaðurinn í 6. flokk. Hún hefur spilað allan sinn feril með Val en einnig á hún 49 A-landsleiki og hefur skorað í þeim 14 mörk. En það sem stendur kannski upp úr fyrir mig persónulega var þegar ég hitti Olgu Færseth eftir einhvern leikinn. Ég var að labba frá vellinum með einhverjum vinkonum mínum úr Val og var frekar frökk og byrjaði að spjalla við hana. Þá kom það í ljós að hún hafði séð leikinn og hrósaði mér fyrir frammistöðuna. Mér fannst náttúrulega ótrúlega gaman að hún skyldi hafa horft á okkur spila. Hún var þvílík fyrirmynd fyrir mig og ég leit svakalega upp til hennar þannig að þetta var ansi eftirminnilegt.

2003

Fanndís Friðriksdóttir

Lið: ÍBV

■ Fanndís fékk Lárusarbikarinn sem efnilegasti leikmaður mótsins þegar hún var í 4. flokk en Eyjastelpurnar töpuðu úrslitaleiknum á móti Fram 2-0. Hún hefur spilað með Kolbotn Arna-Bjørnar í Noregi, Adelaide í Ástralíu og Marseille í Frakklandi ásamt þvi að spila með Breiðablik og Val hérna heima. Eftirminnilegast frá mótinu eru samverustundirnar á kvöldvökunum, undirbúningurinn fyrir mótin t.d. að fá fléttur í hárið, nýja takkaskó og allt sem því fylgir. Einnig er mér mjög minnisstætt þegar ég fékk Lárusarbikarinn, þar sem ég var búin að ætla mér að fá hann í langan tíma

→ Þess má til gamans geta að Karen Knútsdóttir handknattleikskona var fyrirliði Fram í 4. flokk A-liða

EFNILEGASTI LEIKMAÐURINN: Fanndís Friðriksdóttir úr ÍBV hlaut Lárusarbikarinn í ár en hann er veittur þeirri stúlku sem efnilegust þykir. DV-mynd Ómar

2002

Thelma Ýr Gylfadóttir

Lið: ÍA

■ Thelma Ýr var valin besti leikmaðurinn í 4. flokk ásamt því að hún fékk Lárusarbikarinn sem efnilegasti leikmaður mótsins. Hún lék með ÍA, Val og Fylki á sínum ferli og á að baki 9 unglingalandsleiki þar sem hún skoraði 1 mark.



Skagastúlkan Thelma Ýr Gylfadóttir vakti mikla athygli á mótinu og hlaut Lárusarbikarinn sem efnilegasti leikmaður mótsins.